ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
RAUÐA SPJALDIÐ
ÖRFÁ SÆTI LAUS Í KVÖLD!

■ Stóra sviðið kl 20.00
▶ **RAUÐA SPJALDIÐ** - Kjartan Ragnarsson og Sigríður Margrét Guðmundsdóttir
5. sýn. í kvöld mið. 9/4 **örfá sæti laus**, 6. sýn. fim. 10/4 **örfá sæti laus**, 7. sýn. mið. 23/4 **örfá sæti laus**, 8. sýn. lau. 3/5 **nokkur sæti laus**, 9. sýn. sun. 4/5 **nokkur sæti laus**.
▶ **MEÐ FULLRI REISN** - Söngleikur eftir Terrence McNally og David Yazbek
Fös. 11/4 **örfá sæti laus**, lau. 26/4 **uppselt**, sun. 27/4 **nokkur sæti laus**, fös. 2/5, fös. 9/5.
▶ **ALLIR Á SVIÐ** - Michael Frayn
Lau. 12/4 **örfá sæti laus**, sun. 13/4 **örfá sæti laus**, fim. 24/4 **örfá sæti laus**, fös. 25/4 **uppselt**, mið. 30/4 **nokkur sæti laus**.
■ Litla sviðið kl. 20.00
▶ **RAKSTUR** - Ólafur Jóhann Ólafsson
Fös. 11/4 **örfá sæti laus**, sun. 13/4 **örfá sæti laus**, fös. 25/4, lau. 26/4.
▶ **KARÍUS OG BAKTUS** - Thorbjörn Egner
Sun. 13/4 kl. 14:00 **nokkur sæti laus**, sun. 27/4 kl. 14:00.
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýningar eru hafnar!
■ Smíðaverkstæðið kl 20.00
▶ **VEISLAN** - Thomas Vinterberg, Mogens Rukov. Leikgerð: Bo hr. Hansen
Lau. 12/4 **70. sýning örfá sæti laus**, sun. 13/4 **örfá sæti laus**, fim. 24/4 **örfá sæti laus**, fös. 25/4 **örfá sæti laus**, mið. 30/4 **örfá sæti laus**, fim. 1/5, lau. 10/5.
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin! Sýningin er ekki við hæfi barna.
**Miðasölusími:** 551 1200 **Netfang:** midasala@leikhusid.is **Veffang:** www.leikhusid.is
Opið kl. **13:00-18:00** mán.-þri. Aðra daga kl. **13:00-20:00**. Símapantanir frá kl. **10:00** virka daga.
Aðalsamstarfsaðili ÍSLANDSBANKI

BORGARLEIKHÚSIÐ Leikfélag Reykjavíkur

Stóra svið
PÚNTILA OG MATTI e. Bertolt Brecht
Fi 10/4 kl 20, Su 13/4 kl 20,
Lau 26/4 kl 20, Su 4/5 kl 20
SÖNGLEIKURINN SÓL & MÁNI
eftir Sálina og Karl Ágúst Úlfsson
Fö 11/4 kl 20, Lau 12/4 kl 20
Fö 25/4 kl 20, Lau 3/5 kl 20
ATH: Sýningum lýkur í vor
Nýja svið
SUMARÆVINTÝRI e. Shakespeare og leikhópinn
Frumsýning fi 10/4 kl 20 UPPSELT,
Su 13/4 kl 13 - ATH: Breyttan sýn.tíma
Mi 23/4 kl 20, Lau 26/4 kl 20, Su 27/4 kl 20
KVETCH eftir Steven Berkoff
í samstarfi við Á SENUNNI
Su 13/4 kl 20, Fi 24/4 kl 20, Lau 3/5 kl 20
ATH: Sýðustu sýningar
15:15 TÓNLEIKAR - 12 Tónar
Síðbúnir útgáfutónleikar, Lau 12/4 kl 15:15
MAÐURINN SEM HÉLT AÐ KONAN HANS VÆRI HATTUR
eftir Peter Brook og Marie-Hélène Estienne
Fö 11/4 kl 20,
Fö 25/4 kl 20, Fi 1/5 kl 20
Þriðja hæðin
PÍKUSÖGUR eftir Eve Ensler
Su 13/4 kl 21 ath breyttan sýn.tíma,
Lau 3/5 kl. 20
Takmarkaður sýningarfjöldi
Litla svið
STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN
í samstarfi við SJÓNLEIKHÚSIÐ
Leikrit með söngvum - og ís á eftir!
Lau 12/4 kl 14, UPPSELT
Lau 26/4 kl 14
RÓMEÓ OG JÚLÍA
e. Shakespeare í samstarfi við VESTURPORT
Í kvöld kl 20,
Lau 12/4 kl 20, Fö 25/4 kl 20
Miðasalan er opin frá kl. 13-18 og fram að sýningu sýningardaga. Sími miðasölu opnaður kl. 10 virka daga.
Fax 568 0383 - midasala@borgarleikhus.is
www.borgarleikhus.is Miðasala 568 8000

HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
GAGGALAGÚ
eftir Ólaf Hauk Símonarson
Laugard. 12. apríl kl. 14
Sunnud. 13. apríl kl. 14
Laugard. 26. apríl kl. 14
Sunnud. 27. apríl kl. 14
Miðasala í síma 555 2222

Sellófon
eftir Björk Jakobsdóttur
í NASA við Austurvöll
föst 11/4 kl. 21, UPPSELT
lau 12/4 kl. 21, Örfá sæti
mið 16/4 SJALLINN AKUREYRI AUKASÝNING
fim 17/4 SJALLINN AKUREYRI UPPSELT
lau 19/4 SJALLINN AKUREYRI ÖRFÁ SÆTI
föst 25/4 Nokkur sæti
lau 26/4 Nokkur sæti
mið 30/4 Sellófon 1. árs
föst 2/5 laus sæti
lau 3/5 laus sæti
Forsala á miðum í Sjallann Akureyri fer fram í Pennanum Eymundsson Glerártorgi.
„Salurinn lá í hlátri allan tímann enda textinn stórsnjall og drepfyndinn.“ Kolbrún Bergþórsdóttir DV
Miðasala í Nasa kl. 16 – 19, sími 511 1310 og á sellofon@mmedia.is

Dáðustu óperurnar
Tónleikar í grænu röðinni í Háskólabíói
**fimmtudaginn 10. apríl kl. 19:30**
**föstudaginn 11. apríl kl. 19:30**
Hljómsveitarstjóri: David Gimenez
Einsöngvari: Liping Zhang
Mozart: **Figaro**, forleikur
Mozart: **Figaro**, Dove sono, aría
Rossini: **Rakarinn í Sevilla**, Una voce poco fa, aría
Rossini: **Rakarinn í Sevilla,** forleikur
Bellini: **I Puritani**, Son vergin vezzosa, aría
Bellini: **Norma**, Casta Diva, aría
Mascagni: **L´amico, Fritz**, Intermezzo
Falla: **La Vida Breve**, Interludio y Danza
Bizet: **Carmen**, aría Michaelu
Khatsjatúrjan: **Spartacus**, Adagio
Puccini: **La Rondine**, I bel sogno di Doretta, aría
Puccini: **Manon Lescaut**, Intermezzo
Puccini: **La Bohème**, Musetta's valse (quando me´n vo), aría
Puccini: **Madama Butterfly**, Un bel di vedremo, aría
LEXUS AÐALSTYRKTARAÐILI SINFÓNÍUNNAR
MÁTTURINN & DÝRÐIN
SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS
Háskólabíó við Hagatorg | Sími 545 2500
sinfonia@sinfonia.is | www.sinfonia.is

Frá Nagasakí til Alsír á 90 mínútum
TVÆR ÓPERUR Á EINU KVÖLDI
Madama Butterfly & Ítalska stúlkan í Alsír - útdrættir
Sýningar á Norðurlandi:
Laugarborg lau. 26. apríl kl. 20 • Miðgarði sun. 27. apríl kl. 17
Hádegisgestir þriðjudaginn 15. apríl kl. 12.15:
Í ungverskum anda - ungversk þjóðlög í útsetningum nútímatónskálda
Ildikó Varga mezzósópran og Antonía Hevesi píanó
www.opera.is Miðapantanir í síma: 511 4200 ÍSLENSKA ÓPERAN
Miðasala opin kl.15-19 alla daga nema sunnudaga og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-19 virka daga.

SKJALLBANDALAGIÐ KYNNIR
BEYGLUR MEÐ ÖLLU
Í IÐNÓ
Föstud. 11/4 kl 21
Allra síðasta sýning
Ómissandi leikhúsupplifun
Kvöldverður fyrir og eftir sýningar
Miðasala er opin frá kl. 10-16 virka daga, kl. 14-17 um helgar, frá kl. 19 sýningardaga.
Ósóttar pantanir seldar 4 dögum fyrir sýningar. Sími 562 9700
beyglur@simnet.is

# FÓLK Í FRÉTTUM

## VINSÆLUSTU KVIKMYNDIR Á ÍSLANDI

HELGINA 4.–6. APRÍL

| Nr. | var | vikur | Mynd | Framl./Dreifing | Sýningarstaðir |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Ný | 1 | **Shanghai Knights** | Spyglass Ent | Laugarásbíó, Smárabíó, Borgarbíó |
| 2. | Ný | 1 | **The Core** | UIP | Sambíóin Álfabakka, Kringlunni, Akureyri, Háskólabíó |
| 3. | 1. | 2 | **National Security** | Columbia | Smárabíó, Laugarásbíó, Borgarbíó Akureyri, |
| 4. | 3. | 6 | **Nói Albinói** | Zik Zak | Sambíóin Keflavík, Háskólabíó |
| 5. | 4. | 4 | **Maid in Manhattan** | Columbia | Smárabíó, Borgarbíó Akureyri, Ólafsvík |
| 6. | 5. | 4 | **The Pianist** | Focus Films | Háskólabíó |
| 7. | 2. | 2 | **Cradle To The Grave** | Warner Bros. | Sambíóin Álfabakka, Kringlunni, Akureyri |
| 8. | 8. | 7 | **Skógarlíf 2** | Walt Disney | Sambíóin Álfabakka, Kringlunni, Akureyri, Keflavík, Háskólabíó |
| 9. | 11. | 9 | **Didda og Dauði Kötturinn** | Ísmedia | Sambíóin Álfabakka, Kringlunni, Akureyri, Keflavíkl, Háskólabíó |
| 10. | 6. | 3 | **The Hunted** | Lake Shore Entert. | Sambíóin Álfabakka, Kringlunni, Keflavík |
| 11. | 12. | 4 | **Thunderpants** | Pathé Films | Sambíóin Álfabakka, Kringlunni, Keflavík |
| 12. | 9. | 9 | **Chicago** | Miramax | Smárabíó, Regnboginn |
| 13. | 27. | 7 | **The Ring** | DreamWorks | Sambíóin Álfabakka, Egilsstaðir, Vestmannaeyjar, Ísafjörður |
| 14. | 7. | 3 | **Final Destination 2** | New Line Cinema | Laugarásbíó, Borgarbíó |
| 15. | 10. | 5 | **The Hours** | Miramax | Regnboginn |
| 16. | 14. | 2 | **Nowhere In Africa** | Constantin Film | Háskólabíó |
| 17. | 16. | 2 | **Crush** | Indie | Sambíóin Kringlunni, Háskólabíó |
| 18. | 17. | 4 | **25th Hour** | Buena Vista | Sambíóin Álfabakka |
| 19. | Ný | 1 | **Four Feathers** | Miramax | Regnboginn |
| 20. | 15. | 10 | **Spy Kids 2** | Miramax | Smárabíó |

*IBM Business Consulting Services á Íslandi ehf. vann listann í samstarfi við Félag kvikmyndahúsa*

# Riddararnir stökkva á toppinn

ÞRJÁR nýjar myndir eru á lista yfir vinsælustu myndir helgarinnar í íslenskum kvikmyndahúsum. Spenna og hasar ráða þar aðallega ríkjum en *Shanghai-riddararnir* (*Shanghai Knights*) og *Kjarninn* (*The Core*) raða sér í fyrsta og annað sætið.

Hasarhetjan Jackie Chan og Owen Wilson leika aðalhlutverkin í *Shanghai-riddurunum*, félagana Chon Wang og Roy O'Bannon. Myndin er framhaldsmynd *Hádegi í Shanghai* (*Shanghai Noon*), sem gerðist í villta vestrinu en í þetta sinn lenda þeir í fyndnum ævintýrum í Englandi árið 1880.

„Greinilegt er að félagarnir hafa heillað íslenska bíógesti því að nú hafa rúmlega 4.000 manns séð myndina. Myndin þykir mun skemmtilegri og fjörugri heldur en fyrri myndin og er hún nú þegar búin að hala inn meira í Bandaríkjunum heldur en fyrri myndin gerði. Við búumst við að aðsóknin muni halda sér vel þar sem hún spyrst mjög vel út,“ segir Aron Víglundsson, kynningarstjóri myndarinnar.

Stjörnurnar Aaron Eckhart, Hilary Swank og Stanley Tucci leika aðalhlutverkin í spennumyndinni *Kjarnanum*, sem hefur nokkurn vísindaskáldsögublæ á sér. Myndin er uppfull af ævintýrum og sprengingum enda fjallar hún um hóp vísindamanna, sem fá það fróma verkefni að bjarga heiminum.

„Við erum alveg sáttir við þessa opnun á *Kjarnanum*,“ segir Christof Wehmeier hjá Sambíóunum og bætir við að það sé alltaf erfitt að keppa við framhaldsmyndir, sem þegar séu komnar með aðdáendahóp, er bíði spenntur eftir framhaldinu. „En þetta er samt ágætis opnun og við höfum fundið fyrir áhuga fólks á myndinni,“ segir hann um þessa stórslysa- og hamfaramynd.

Þriðju nýju myndinni á listanum gekk ekki eins vel og hinum tveimur en *Fjórar fjaðrir* (*Four Feathers*) leikstjórans Shekhar Kapur er epískt stríðsdrama með Heath Ledger og Kate Hudson í aðalhlutverkum. Myndin gerist á svipuðum tíma og *Shanghai-riddararnir*, eða 1884, þótt hún fjalli um aðra hluti. *Fjórar fjaðrir* er byggð á skáldsögu A.E.W. Mason og fjallar um vináttu, um mann sem verður að fórna öllu sem hann ann til að bjarga besta vini sínum.

Tvær íslenskar myndir eru inni á topp 20. Það eru *Nói albínói* hans Dags Kára Péturssonar, sem situr í fjórða sætinu en nú hafa um 11.500 manns séð myndina, og *Didda og dauði kötturinn*, sem er í níunda sætinu en um 8.500 manns hafa lagt leið sína á þessa fjölskyldumynd.

Óskarsverðlaunamyndin *Hvergi í Afríku* (*Nirgendwo in Afrika*) er í 16. sæti sína aðra viku á lista. Þessi þýska mynd hreppti Óskarinn, sem besta erlenda myndin á nýliðinni Óskarshátíð og voru hafnar sýningar á henni hérlendis í kjölfarið. Myndin fjallar um gyðingafjölskyldu sem nær að flýja Þýskaland og nasistana í tæka tíð og sest að í Kenýa. Myndin sýnir á heillandi hátt hvernig fjölskyldan kemur sér fyrir í nýja landinu og aðlagast breyttum aðstæðum.

Önnur mynd, sem sker sig úr hópnum, er *Skot* (*Crush*) sem er í 17. sæti sína aðra viku á lista. Myndin er bresk og skartar Andie MacDowell í aðalhlutverki auk Imeldu Staunton og Önnu Chancellor. *Skot* er sérstæð gamanmynd og fjallar um ástir og afbrýði þriggja vinkvenna, Kate, Janine og Molly, en samband Kate (MacDowell) við sér yngri mann reynir á vinskapinn.



**Jackie Chan og Owen Wilson í hlutverkum sínum sem Shanghai-riddararnir Chon Wang og Roy O'Bannon.**

HUGLEIKUR
sýnir í **Tjarnarbíói**
**Undir hamrinum**
**„Frábær skemmtun". SA, DV.**
fim. 10. apríl kl. 20
fös. 11. apríl kl. 20
mið. 16. apríl kl. 20 - lokasýning
**Ath. Síðustu sýningar**
Frítt fyrir börn 12 ára og yngri.
Miðapantanir í síma 551 2525
eða á hugleik@mi.is

BENEDIKT BÚÁLFUR
eftir Ólaf Gunnar Guðlaugsson
Allra síðasta sýning!
Sunnudaginn 13. apríl kl. 17.00
Sýnt í Loftkastalanum
Miðapanntanir frá kl. 15-18. S: 552 3000
www.alfheimar.is

## Opnun á Kjarvalsstöðum

# Óvenjuleg farartæki

**SÝNING listakonunnar Ilmar Stefánsdóttur, *Mobile*, var opnuð í miðrými Kjarvalsstaða um helgina.**

**Á sýningunni gefur að líta nokkur umbreytt farartæki sem Ilmur hefur smíðað af mikilli útsjónarsemi og hugmyndaauðgi. Farartækin eru ekki einungis til sýnis því gestum safnsins er velkomið að reyna þau sér til gamans. Aukinheldur hefur listakonan sjálf prufukeyrt farartækin og sýnir á myndbandi hvernig best er að bera sig að. Á sýningunni hanga uppi textabrot eða hugleiðingar Ilmar sem skírskota til uppsprettu þeirra hugmynda sem liggja að baki gerð farartækjanna.**



**Gestir voru óhræddir við að prófa sérsmíðuð farartæki listakonunnar.**